

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR
HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 35TH SEASON

Menningarnótt í Reykjavík 2017 - Reykjavik Cultural Night

SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

FEAST OF HYMNS - HALLGRIMSKIRKJA

19. ágúst kl. 15-21 - August 19th 3-9 PM



Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju:

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi, Sigurður Sævarsson formaður, Jóhannes Pálmason, Rósa Gísladóttir, Sveinn Yngvi Egilsson, Ævar Kjartansson. Varastjórn: Benedikt Ingólfsson og Þórhallur Vilhjálmsson. Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfssdóttir

Þakkið / Thanks to: Hallgrímskirkja, Tónmenntasjóður Þjóðkirkjunnar, Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins, Litróf, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Össur Geirsson, Hörður Áskelsson, Margrét Bóasdóttir og allir aðstandendur og flytjendur á Sálmafossi.

Menningarnótt í Reykjavík 2017 - Reykjavik Cultural Night

SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

FEAST OF HYMNS - HALLGRIMSKIRKJA

19. ágúst kl. 15-21 - August 19th 3-9 PM

Hallgrímskirkja iðar af lífi alla daga og á Sálmafossi á Menningarnótt heimsækja þúsundir gesta kirkjuna til að upplifa Klaisorgelið og hrfandi og fjölbreytta tónlist! Á heila tímanum sameinast allir í söng og gleði með kór og orgelinu.

Samfelld dagskrá kl. 15-21 þ.s. 6 nýir sálmar eftir 6 íslenska organista og ljóðskáld verða frumfluttir, 5 kórar koma fram, m.a. Mótettukórinn og Schola cantorum og Klaisorgelið hljómar eitt og með gítar, trompet og selló!

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

Kynnar eru dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímskirkju, Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar og Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Listrænn stjórnandi og ábyrgðarmaður Sálmafoss er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju.

On Reykjavik Cultural Night, Saturday August 19, there is an ongoing concert in Hallgrímskirkja between 15.00 and 21.00. Among others is a premiere of 6 new Icelandic hymns, 5 choirs will perform various programs and the great Klais organ will be played solo and with guitar, cello and trumpet!

Free entrance- all are welcome!

Artistic Director: Hörður Áskelsson Music Director of Hallgrímskirkja.

The reverend of Hallgrímskirkja, Sigurður Árni Þórðarson, Margrét Bóasdóttir Music Director of the National Church of Iceland and Inga Rós Ingólfssdóttir Manager of the Hallgrímskirkja Friends of Arts Society introduce the program.

DAGSKRÁ

15.00 Sex nýir sálmar frumfluttir - allir syngi með!

Tónmenntasjóður kirkjunnar fékk sex organista til að velja sér skáld til samstarfs um gerð nýs sálms. Afraksturinn er sex nýir sálmar, sem bætast nú í flokk sálma sem Tónmenntasjóðurinn hefur pantað hjá skáldum og tónskáldum á undanförunum árum. Mótettukór Hallgrímskirkju frumflytur sálmana, kirkjugestum er boðið að syngja með.

Sálmarnir eru:

1. Ég finn þinn anda eftir sr. Hildi Eir Bolladóttur og Eyþór Inga Jónsson organista Akureyrarkirkju
2. Í birtu vonarinnar eftir sr. Þórhall Heimisson og Guðnýju Einarsdóttur organista Hjallakirkju
3. Í svörtum himingeimi eftir sr. Davíð Þór Jónsson og Arngerði Maríu Árnadóttur organista Laugarneskirkju
4. Jesús mér leggur litla sögu á hjarta eftir sr. Sigurð Jónsson og Magnús Ragnarsson organista Langholtskirkju
5. Þú ert þar eftir Vilborgu Davíðsdóttur og Láru Bryndísi Eggertsdóttur organista í Horsens í Danmörku
6. Vertu hans kraftaverk eftir Friðrik Erlingsson og Steingrím Þórhallsson organista Neskirkju

15.30 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur sálmaútsetningar og mótettur undir stjórn Harðar Áskelssonar

16.00 Sálmásöngur -allir syngi með! Schola cantorum leiðir sönginn.

16.10 "Dagur er nærri" Schola cantorum syngur hugljúfa kórtónlist undir stjórn Harðar Áskelssonar

16.30 Björn Steinar Sólbergsson flytur fjölbreytta orgeltónlist.

17.00 Sálmásöngur -allir syngi með! Söngsveitin Fílharmónía leiðir sönginn.

17.10 Söngsveitin Fílharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar

17.45 Vestfossen Blandakór frá Noregi undir stjórn Gróu Hreinsdóttur flytur norska kórtónlist

18.00 Sálmásöngur -allir syngi með! Kór Neskirkju í Reykjavík leiðir sönginn

18.10 Kór Neskirkju ásamt stjórnanda sínum Steingrími Þórhallssyni organista Neskirkju flytur fjölbreytta kór- og orgeltónlist.

19.00 Sálmásöngur -allir syngi með! Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti leiðir sönginn.

19.10 Lára Bryndís Eggertsdóttir spilar og spjallar um sálmaforleiki

19.30 ORGA, íslenskt danskt gítar- og orgeldúó flytur útsetningar og eigin tónlist.

Dúóið skipa Þór Arnarsson gítar og Sebastian Thunbo Pedersen orgel

20.00 Sálmásöngur -allir syngi með! Björn Steinar Sólbergsson organisti leiðir sönginn

20.10 Orgel, trompet, og selló

Baldvin Oddsson trompetleikari, Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari og organistarnir Steinar Logi Helgason, Björn Steinar Sólbergsson og Hörður Áskelsson ljúka Sálmafossi með sindrandi tónum.

PROGRAM

3 pm PREMIERE OF 6 NEW HYMNS written by 6 Icelandic organists and 6 Icelandic poets, performed by The Hallgrímskirkja Motet Choir, conductor Hörður Áskelsson. Supported by the Icelandic Church Music Fond. Organist is Björn Steinar Sólbergsson.

3.30 pm The Hallgrímskirkja Motet Choir performs various works from their repertoire. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja

4pm Sing-a-long with the Klais- organ!

Schola Cantorum, the prize winning chamber choir of Hallgrímskirkja leads the guests in Hymn singing with the Klais organ and at

4.10 pm sings an a cappella program with various beautiful music from their repertoire. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja.

4.30 - 5 pm. Organ recital

Björn Steinar Sólbergsson organist at Hallgrímskirkja plays various organ music on the great Klais organ.

5 pm Sing-a-long! The Icelandic Filharmonia Choir leads the guests in Hymn singing with the Klais organ.

5.10 pm The Icelandic Filharmonia Choir sings a program with various music. Conductor is Magnús Ragnarsson.

5.45- 6 pm. The Norwegian choir - Vestfossen- sings some Norwegian choir music, conductor Gróa Hreinsdóttir.

6 pm Sing-a-long!

The mixed choir of Neskirkja Reykjavík leads the guests in Sing-a-long with the Klais organ.

6.10 pm The choir of Neskirkja Reykjavík sings a program of various beautiful music and the organ is played. Conductor and organist Steingrímur Þórhallsson, Neskirkja Reykjavík.

7pm Sing- a long with the great Klais-organ and organist Lára Bryndís Eggertsdóttir.

7.10 pm Lára Bryndís Eggertsdóttir plays and presents chorale preludes of old and new.

7.30 pm ORGA, Icelandic/ Danish guitar and organ duo play their own music and some transcriptions.

Performers: Þór Arnarsson guitar and Sebastian Thunbo Pedersen organ.

8 pm Sing- a long - all guests are invited to sing hymns with the great Klais organ!

Björn Steinar Sólbergsson organist of Hallgrímskirkja and Baldvin Oddsson trumpet lead the singing.

8.10 - Trumpet and organ- The outstanding young trumpet player Baldvin Oddsson and Björn Steinar play festive music for organ and trumpet.

8.30 - Organ solo -Steinar Logi Helgason organist, student of the church music department at the Conservatory in Copenhagen plays one of Mendelssohn's beautiful sonatas for organ.

8.45 pm- 9.00 Organ and Cello- Hörður Áskelsson Music Director of Hallgrímskirkja and Inga Rós Ingólfssdóttir Manager of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society play music for cello and organ by Rachmaninoff and Saint- Saëns (The Swan).

Ég finn þinn anda

F C⁷ Dm⁷ Am⁷ B^b F
Eig-um við að fæð-ast til að deyj - a Drott-inn minn?

B^b C⁷ F C¹¹ C⁷ Dm⁹ Dm Am^{7(sus4)} Am⁷
Er lífs-bar-átt - an virð - i þess að heyj - a Drott-inn

B^{b(sus2)} B^b F(sus4) F B^{b(sus2)} B^b C(sus2) C Dm⁷ Am⁷
minn? Er ei - lífð - in þá

B^{b(sus2)} B^b F B^{b(add9)} C⁷ F
bú - in til úr von? Sem feng-in er í sam-fylgd við þinn son.

1. Eigum við að fæðast til að deyja / Drottinn minn?
Er lífsbaráttan virði þess að heyja / Drottinn minn?
Er eilífðin þá búin til úr von / sem fengin er í samfylgd við þinn son

2. Ég bið þig Guð að vaka mér við hlið / hér í nótt
svo angist mín og reiði hverfi skjótt / hér í nótt
ég finn þinn anda nálgast huga minn / hann strýkur blítt um vanga mér og kinn

3. Í tárur þínum vakir okkar líf / mundu það
í hjarta þínu skjól okkar og hlíf / mundu það
hver snerting sem við áttum helg og sönn / mun hugga þig og styrkja' í dagsins önn

Jesús vísar veginn / vittu til
trú þín sigrar beyginn / vittu til
er degi hallar, sólin kveður hljótt / er Guð að skapa ljós úr kaldri nótt

Lag: Eyþór Ingi Jónsson
(yfir bassalínu J. Pachelbel)
Texti: Hildur Eir Bolladóttir

Í birtu vonarinnar

Cm Fm⁶/C Cm Fm⁶/C
1. Er hret-ið burt - u hrekk - ur og hörf-a döp - ur ský, er

Cm A^b7 Cm/G G
birt - an him-in bless - ar og breið-ist út á ný: 2. Þá

Dm⁷ C/E F C/E
líf - ið aft - ur lifn - ar og losn - ar dauð - a frá, þá

F C/E Dm⁷ G⁷ C
von - ir þín - ar vakn - a og vængj - um ber - ast á.

1. Er hretið burtu hrekkur / og hörfa döpur ský,
er birtan himin blessar / og breiðist út á ný:

2. Þá lífið aftur lifnar / og losnar dauða frá,
þá vonir þínar vakna / og vængjum berast á.

3. Og myrkrið sem var magnað / og máttugt bæði' og kalt.
Það birtan hæglát bræðir / og bláminn fyllir allt:

4. Sú birta, himnesk blessun, / sú birta, lífsins hnoss,
sú birta, sólin bjarta, / sú birta, Drottins koss.

Lag: Guðný Einarsdóttir
Texti: Þórhallur Heimisson



Í svörtum himingeimi

F B♭ Gm C
 1. Í svört-um him - in-geim - i heið-björt skín blá heill - a -
 E♭ Gm⁷ F B♭ C(sus4) C Am
 stjarn-a, dýr-mæt sköp-un þín. Í okk-ar for - sjá fal - in er að
 Gm F/A B♭ Gm⁷/C F
 far - a með á all - an hátt til dýrð - ar þér.
 Gm F/A B♭ Gm⁷ B♭/C C⁷ F
 Hal - le - lú - ja. Hal - le - lú - ja.

1. Í svörtum himingeimi heiðbjört skín / blá heillastjarna, dýrðleg sköpun þín.
 Í okkar forsjá falin er / að fara með á allan hátt til dýrðar þér.
Hallelúja. Hallelúja.



2. Við höfum starfað ökrum hennar á / og okkur bjargir sótt í djúpin blá.
 Hún veitir yndi, yl og skjól / og athvarf undir þinni mildu náðarsól.
Hallelúja. Hallelúja.

3. En núna bráðna jöklar, brotnar ís / nú brenna skógar hér í paradís
 og eitur þrúgar lög og láð. / Ó ljúfi faðir, gefðu okkur þrek og ráð.
Hallelúja. Hallelúja.





4. Ó, faðir, gefðu okkur vilja og vit / að vernda hennar fagra stjörnuhlit.
 Gefðu okkur kærleik, kraft og trú / og kjark að standa vörð um allt sem elskar þú.
Hallelúja. Hallelúja.

Jesús mér leggur litla sögu á hjarta

Greiðlega



Rólega (einsöngur)



Viðlag:

*Jesús mér leggur litla sögu á hjarta, / leiðir mig burt á óbyggðanna stig.
Leita þar má ég ljóssins friðar bjarta. / Loks er ég finn það birtir kringum mig.*

1. Hirðir sem átti hundrað sauði á fjalli / hugðist til byggða smala hverjum grip.
Einn þeirra týndist, hlýddi ei hirðis kalli. / Hann sig til leitar bjó í einum svip.

Lambið sitt fann, það leitarmanninn gladdi, / lagði á herðar sér hinn fundna sauð.
Heimamenn brátt svo kátur til sín kvaddi. / Kominn í hús til fagnaðar hann bauð.

Jesús mér leggur...

2. Líka hér má af öðru dæmi draga / drökmunnar lærdóm, um peninginn sem hvarf.
Hirðis og konu svipuð gerðist saga, / saga er geymir kynslóðanna arf.

Drökmur hún átti, einni' af tíu týndi, / tók sér í hendur ljós og nýjan vönd.
Leitaði' og fann, því brátt sig silfrið sýndi. / Saman í gleði treystust vinabönd.

Jesús mér leggur...

3. Því sem að okkur aðrir fyrir trúna / alls skulum gæta, hvað sem dynur á.
Engu að týna, að öllu saman hlúa, / öllu til skila verður haldið þá.

Eins er með trúna. Ekki hennar kelur / eilífðarblóm, ef gæta þess ég næ.
Þegar um síðir Drottinn hjá mér dvelur / dýrð hans að sjá um eilífd loks ég fæ.

Jesús mér leggur...

Lag: Magnús Ragnarsson
Texti: sr. Sigurður Jónsson
Lúkas 15:1-10

Þú ert þar

Dm Am Dm Am/C B♭ A

1. Ég lít þig, Drottinn, í tregans tár-um og hafs- ins bár- um. Þú ert

Dm Am Dm Gm/B♭ A

þar, þú ert þar. Já, þín ást er alls stað - ar. Ég

G D/F# Em Em/D A/C#

lít þig, Drottinn í lífs- ins hríð-um sem deg - i blíð- um. Þú ert

D A B♭ C Dm

þar, þú ert þar. Já, þín ást er alls stað - ar.

1. Ég lít þig, Drottinn, / í tregans tár-um og hafsins bárum.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.
Ég lít þig, Drottinn, / í lífsins hríð-um sem degi blíð-um.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.

2. Ég lít þig, Drottinn, / sem hendi styrkri burt vikur myrkri.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.
Ég lít þig, Drottinn, / í brosi hlýju og sátt að nýju.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.

3. Ég lít þig, Drottinn, / í hjarta vinar og stjörnu sem tinar.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.
Ég lít þig, Drottinn, / í barnsins blíðu og vorsins þíðu.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.

4. Ég lít þig, Drottinn, / í fjöllum bláum sem blómum smáum.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.
Ég lít þig, Drottinn, / í himinskýjum og vonum nýjum,
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.

5. Ég lít þig, Drottinn, / í gleði tærri þú ert mér nærri,
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.
Ég lít þig, Drottinn, / er degi hallar og mig þú kallar.
Þú ert þar, þú ert þar. / Já, þín ást er alls staðar.



Vertu hans kraftaverk

♩=60

Am Dm C F/A Gm⁷ C⁷ F Em/G

1. Við a í heim-i er harm - ur og hugg - un eng' að fá við
 2. Haf i Guð hend - ur þín - ar þá heim-ur-inn gæt-i breyst

Am Dm C F/A Gm⁷ C⁷ F A

spyrj-um hvað Guð ætl' að ger - a? Vill Guð hvork-i heyr' eð-a sjá?
 sjá - i þín aug' ó-rétt læt - i, hann áv - allt þér gæt - i treyst;

C^{#o7} Gm/D Cm⁶/E^b₂ D⁷ E^bmaj⁷ Cm/E^b F D/F[#]

Hef-ur hann eng-in aug - u og eyr - u að heyr-a þá kvöl;
 heyr-ir þú hat-urs - orð - in hug-rekk-i gaf hann þér að

F^{#m} Bm/D E A/C[#] Gm⁷ C^(add9) 1. B^{ø7} E⁷

hef - ur Guð eng - ar hend - ur að hemj-a hið ill - a böf.
 and-mæl-a ill - ri breytn - i og að-haf-ast svo sem

2. Dm Dm/C B^b Gm⁶ Dm C^(sus4) F E^{ø7} A^(sus4) Am

ber. (viðlag) Því Guð er afl og and - i sem innr - a með þér býr;

B^b Gm⁶ Dm C^(sus4) F B^b C^(sus4) C⁷

ósk-in um heims-ins hugg - un, hug-rekk'er aldr - ei flýr;

Gm C⁹ A/C[#]₂ Dm Gm C⁹ F Fmaj⁷/A

Guð - er gæsk' og mild - i er geym - ir hjart - a þitt;

B^b Gm C Am⁷ Dm B^b Gm⁷ C F A⁷ Dm E⁷

þú ert hans aug' og eyr - u, þér allt gaf hann vald-ið sitt

Am Dm C F/A Gm⁷ C⁷ F Em/G Am Dm

3. Trú þín fær eng - u ork - að ef aldr-ei í verk-i sést; bæn-in þín orð - in

C F/A Gm⁷ C⁷ F A C^{#o7} Gm/D Cm⁶/E^b D⁷

ein - tóm ef ei fyr-ir henn-i berst Vert-u Guðs vald og vilj - i

E^bmaj⁷ Cm/E^b F D/F[#] F^{#m} Bm/D

vert - u hans fram - kvæmd sterk; vert - u Guðs hönd og

E A/C[#] Gm⁷ C^(add9)₂ D^(sus4) D

hugg - un, vert - u hans kraft - a - verk.

1. Viða í heimi er harmur / og huggun enga' að fá.
 Við spyrjum hvað guð ætli' að gera? / Vill guð hvorki heyra' eða sjá?
 Hefur hann engin augu / og eyru að heyra þá kvöl;
 hefur guð engar hendur/ að hemja það illa böf?


2. Hafi guð hendur þínar / þá heimurinn gæti breyst;
 sjái þín augu' óréttlæti / hann ávallt þér gæti treyst;
 heyrir þú hatursorðin / hugrekki gaf hann þér
 að andmæla illri breytni / og aðhafast svo sem ber.

Viðlag:
 Því guð er afl og andi / sem innra með þér býr;
 óskín um heimsins huggun, / hugrekki' er aldrei flýr;
 guð er gæska og mildi / er geymir hjarta þitt;
 þú ert hans augu' og eyru, / þér allt gaf hann valdið sitt.

3. Trú þín fær engu orkað / ef aldrei í verki sést;
 bænin þín orðin eintóm / ef ei fyrir henni berst.
 Vertu guðs vald og vilji, / vertu hans framkvæmd sterk;
 vertu guðs hönd og huggun, / vertu hans kraftaverk.

11b Drottinn Guð, þitt dýra nafnið skæra


Lofsöngvar
Sköpun og forsjón



1. Drottinn Guð, þitt dýra nafnið skæra / dýrka ber og veita lotning tæra. /
Hver tunga, vera / skal vitni bera, /
að voldug eru / þín ráð og þér þakkir færa.
2. Guð er Guð, þótt veröld væri eigi, / verður Guð, þótt allt á jörðu deyi. /
Þótt farist heimur / sem hjóm og eimur, /
mun heilagt streyma / nýtt líf um geim, Guðs á degi.
3. Björgin hrynja, hamravirkin svíkja, / himinn, jörð og stjörnur munu víkja, /
en upp mun rísa, / og ráð hans prísar, /
hans ríki vísa / og ljósið lýsa og ríkja.

25 Englar hæstir, andar stærstir

Lofsöngvar
Sköpun og forsjón




1. Englar hæstir, andar stærstir, / allir lofi Drottins nafn. /
Allt, sem andar, allt, sem lifir, / uppi, niðri, himnum yfir, /
dýrki, lofi Drottins nafn.
2. Himinn fagur, hver einn dagur, / hver ein nótt með stjörnusafn, /
stormar, þrumur, hvað sem hræðir, / hvað sem vekur, örvar, glæðir, /
lofi Herrans heilagt nafn.
3. Dýrð hans lýsa ógnir ísa, / æði hans við bjarga stafn, /
lækir sem í lautum þylja, / logn og kyrrð í milli bylja, /
gjörvallt dýrkar Drottins nafn.
4. Fjallið háa, fjólan smáa, / fold og mar með lífsins safn, /
svalir jökla, svartir rindar, / sólu krýndir regintindar /
lofi Drottins dýrðarnafn.
5. Elfur allar, fram sem falla / flugsins niður brattan stafn, /
silfurlind með ljúfu hjali, / lagarröst með þrumutali /
dýrki háleitt Herrans nafn.
6. Allir lýðir, allar tíðir, / allra landa niðja safn, /
úti í hafi, uppi á heiðum, / innst í kór, á reginleiðum, /
lofi, göfgi, Guð, þinn nafn.
7. Æðstum Drottni aldrei þrotni / eilíft lof og þakkargjörð. /
Syngið, feður, syngið, mæður, / syngið, niðjar, menn og bræður. /
Heiðri Drottin hæð og jörð.

Lof sé þér, Guð

Lofsöngvar
Sköpun og forsjón

30



Lof sé þér, Guð, þín líkn ei þver,
lind allr - ar gæsk - u, dýrð sé þér.
Lof þér, sem veit - ir hjálp og hlíf,
himn - esk - a svöl - un, ei - líft líf.


1. Lof sé þér, Guð, þín líkn ei þver, / lind allrar gæsku, dýrð sé þér. /
Lof þér, sem veitir hjálp og hlíf, / himneska svölun, eilíft líf.

2. Lofar þig sól, þér lýtur jörð. / Lífið þér færir þakkargjörð, /
blessi þitt nafn um eilíf ár: / Einn sannur Guð og faðir hár.

Líður að dögum

Morgunn

703



Líð - ur að dög - un, létt - ir af þok - u,
ljóð - in sín kveð - a fugl - ar af snilld.
Söng - inn og dag - inn, Drott - inn ég þakk - a,
dýr - legt er orð þitt, lind sönn og mild.

1. Líður að dögum, léttir af þoku, / ljóðin sín kveða fuglar af snilld. /
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka, / dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.

2. Verðandi morgunn, vindur og sunna. / Vanga minn strýkur náðin þín blíð. /
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka, / geislar þín sköpun, nú er mín tíð.

3. Risinn til lífsins, lausnarinn Jesús, / leið sinni beinir, hvert sem ég fer. /
Indæl er jörðin, eilíf er vonin, / allt skal að nýju fæðast í þér.

Heyr þann boðskap

835

Am E7

1. Heyr þann boð - skap er boð - a við meg - um bund inn
 2. Þett - a guð - spjall er gaf okk - ur Krist - ur gef - ur
 3. Þett - a guð - spjall sem gaf okk - ur Krist - ur gef - ur
 4. Með þeim boð - skap sem boð - a við eig - um boð - ast

E7 Am 1.

frið - i og rétt - læti' í heim - i, Heyr þann
 fá - tæk - um nýtt líf og fögn - uð, Þett - a
 þræl um og fjötr - uð - um frels - i, Þett - a
 líkn hin - um þjád - u og smáð - u Með þeim

2.

Dm Am

— um trú, von og kær - leik.
 og trú, von og kær - leik.
 og trú, von og kær - leik.
 með trú, von og kær - leik.

Am E7 Am

Þar er sig - ur hins góð - a á jörð.
 Þar er sig - ur hins góð - a á jörð.
 Þar er sig - ur hins góð - a á jörð.
 Þar er sig - ur hins góð - a á jörð.

Dm Am

um trú, von og kær - leik.
 og trú, von og kær - leik.
 og trú, von og kær - leik.
 með trú, von og kær - leik.

Am F E7 Am

Þar er sig - ur hins góð - a á jörð.

Texti frá S-Ameríku - Kristján Valur Ingólfsson
 Lag frá S-Ameríku

Kom, lát oss syngja söng

880

Dm A

1. Kom, lát oss syngj - a söng þann söng til dýrð - ar Drott - i. Hver
 2. Kom lát oss syngj - a sálm þann sálm til þakk - ar Drott - i. Vort

A A7 A Dm

morg - unn mikl - ar hann og mátt hans elsk - u - verk - a. Hann
 ljód skal ber - a boð um bless - un hans og elsk - u. Nú

Dm A

skap - ar ský og haf og skreyt - ir sól og stjörn - ur. Og
 fagn - i fjöll og gil því fað - ir vor sem skap - ar, hann

A A7 A Dm

all - ur heims - ins her með hon - um ann sér hvíld - ar.
 býr með oss á jörð og breyt - ir tapi' í sig - ur.

Dm C B^b A

Hal - le - lú - ja! Hal - le - lú - ja! Syng

Gm Dm/A A7 Dm

hátt og heiðr - a Guð. Hal - le - lú - ja!

Texti: Carlos Rosas - Kristján Valur Ingólfsson
 Lag: Carlos Rosas

881

Við heyrum Guðs heilaga orð

G D C D G C⁶ D

Hal - le - lú - ja! Hal - le - lú - ja!

G D Am D G C D G Fine

Hal - le - lú - ja! Hal - le - lú - ja!_____

G F/G G

1. Við heyr - um Guðs heil - ag - a orð_____

2. Við skilj - um að skjól okk - ur veit - ir

3. Við sjá - um í sann - leik - a að_____

4. Við lof - syngj - um lif - and - i Guð,_____

C Am D

hljóm - a frá upp - haf - i veg - a. Svo_____

skap - ar - i him - ins og jarð - ar. Og_____

sjálf - ur er Drott - inn að verk - i. Í_____

ljós - ið í ver - ald - ar - djúp - i. Frá_____

G Cm F⁷ B^b Cm/E^b Dsus D D.C. al Fine

á - fram það lif - ir um ó - komn - a tíð._____

sælt er að þekkj - a hans son Jes - ú Krist._____

nafn - i hans verð - ur öll nátt - úr - an eitt._____

upp - haf - i veg - a hann einn ræð - ur för._____

Texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Lag: Fintan O'Carroll & Christopher Walker

Gefðu að móðurmálið mitt

532

Gefð - u að móð - ur - mál - ið mitt, minn Jes - ús, þess ég beið - i,

frá allr - i vill - u klárt og kvitt, kross - ins orð þitt út - breið - i

um land - ið hér, til heið - urs þér,

helst mun það bless - un vald - a,

með - an þín náð læt - ur vort láð lýð - i og byggð - um hald - a.

Gefðu, að móðurmálið mitt,
minn Jesús, þess ég beiði,
frá allri villu klárt og kvitt,
krossins orð þitt út breiði
um landið hér,
til heiðurs þér,
helst mun það blessun valda,
meðan þín náð
lætur vort láð
lýði og byggðum halda.

Texti: Hallgrímur Pétursson (Ps. 35)
Lag: Íslensk breyting á þýsku lagi frá 16. öld / Raddi: Röbert A. Ottósson

